



FUNDARGERÐ
34. fundur Odda bs
haldinn á Laugalandi , þriðjudaginn 4. mars 2025
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Staða kjarasamninga kennara - 2501065

Rætt var um niðurstöðu kjaraviðræðna milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Stjórn Odda bs. lýsir ánægju yfir því að samkomulag hafi náðst í kjaraviðræðum kennara og sveitarfélaga. Áhrif vegna nýrra kjarasamninga á fjárhagsáætlun Odda bs mun liggja fyrir á næsta stjórnarfundum.

2. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit 2025. - 2501053

Á fundinn mæta Sigrún Björk Benediksdóttir leikskólastjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri Heklukots og fara yfir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

3. Gjaldskrá leikskóla Odda bs. Verkalýðsfélag Suðurlands - 2501061

Á fundinn mætir Guðrún Elín Pálsdóttir og Leifur Gunnarsson frá Verkalýðsfélagi Suðurlands til að ræða áhrif breytinga sem urðu á umhverfi leikskóla Odda bs. við gjaldskrárbreytingar um síðustu áramót

Stjórn þakkar fulltrúum verkalýðsfélagsins fyrir upplýsandi fund.

4. Rafræn undirritun og sending gagna. - 2501078

Lögð fram beiðni frá stjórn félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu um að taka upp Signet fyrir rafræna undirritun og sendingu gagna.

Stjórn samþykkir að taka upp Signet hjá skólum á svæði byggðasamlagsins til að auka skilvirkni í vinnslu mála. Gert verði ráð fyrir að hver skóli sjái um innkaup fyrir sína starfssemi.

Samþykkt samhljóða.

5. Bygging á nýjum leikskóla á Hellu. Vinna leikskólastjóra - 2501035

Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra til að koma á móts við óskir leikskólastjóra.

Samþykkt samhljóða.

6. Fatastyrkur. Reglur. - 2501036

Lögð fram tillaga um samræmingu reglna um greiðslu fastastyrks til þess starfsfólks Odda bs. sem á rétt á þeim skv. kjarasamningum.

Samþykkt samhljóða.

7. Skráning fjarvista starfsfólks Odda bs. og Rangárþings ytra á vinnutíma - 2502077

Lögð fram tillaga um reglur um skráningu fjarvista starfsfólks Odda bs. á vinnutíma.

Samþykkt samhljóða.

8. Leikskólinn Laugalandi - starfsmannamál - 2502083

Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

9. Umsókn um greiðslur vegna aksturs til og frá vinnu - 2410075

Lagt fram til kynningar samkomulag milli Odda bs. og Verkalýðsfélag Suðurlands.


Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram miðað við fyrirbyggjandi gögn frá SÍS.

Samþykkt samhljóða.

Að fundi loknum fór stjórn í skoðunarferð í Leikskólann á Laugalandi þar sem framkvæmdir við nýja deild voru skoðaðar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:25.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson



